



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

***Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Heimild P-korthafa til að keyra á göngugötum (R19070069 og R19080143).***

Á fundum borgarráðs var eftirfarandi fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umhverfis- og skipulagssviðs til umsagnar:

*R19070069*

*Er hafinn undirbúningur innleiðingar nýrrar löggjafar sem taka á gildi um næstu áramót og sem kveða á um að heimila handhöfum P-korta fyrir hreyfihamlaða að keyra á vélknúnum ökutækjum í göngugötum og leggja þar?*

*R19080143*

*Eins og vitað er eru komin ný umferðarlög. Samkvæmt þeim mega hreyfihamlaðir, með svokölluð P-kort, keyra á göngugötum. Borgarfulltrúi Viðreisnar hefur nýlega tjáð sig um þetta ákvæði í fjölmiðlum á þann hátt að það vekur upp áhyggjur af því hvort borgarmeirihlutinn ætli kannski að hunsa þetta ákvæði og þar með brjóta lög? Borgarfulltrúi Viðreisnar segir að löggjafinn hafa verið á villigötum þegar ný umferðarlög voru samþykkt. Það þykir nokkuð alvarlegt þegar borgarfulltrúi er farinn að segja að löggjafinn „sé á villigötum“. Með því að segja það er hann að grafa undan trausti fólks á löggjafanum. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst það sérstaklega alvarlegt að kjörinn fulltrúi tjái sig með þessum hætti um löggjafann. Borgarfulltrúi Viðreisnar hefur áhyggjur af heildarásýndinni en tjáir sig ekkert um þarfir fatlaðs fólks og að gefa þeim kost á að komast inn á göngugötu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins er feginn að frumvarpið kom aldrei fyrir sjónir borgarmeirihlutans sem hefði þá lagt allt kapp á að beita sér gegn því og þar með hefja möguleika fatlaðra að komast leiðar sinnar. Ætlar meirihlutinn að virða ný umferðarlög, það ákvæði sem kveður á um að hreyfihamlaðir geti ekið og lagt á göngugötu?*

Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, er tiltekin umferð vélknúinna ökutækja heimil um göngugötur, þ.á m. handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða. Götur eru merktar með áberandi umferðarmerkjum en ekki lokaðar að öðru leyti. Aðgengi þeirra aðila sem heimild hafa til aksturs vélknúinna ökutækja í göngugötum á því að vera að fullu tryggt.

Tekið skal fram að þann 3. apríl sl. sendi umhverfis- og skipulagssvið minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, þar sem lýst var yfir áhyggjum af framkvæmd undanþáguákvæðis 1. mgr. 10. gr. laganna. Undanþágan felur í raun í sér að stórum hópi fólks, þ.e. um 8.000 handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, er heimilað að keyra um göngugötur með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á öryggi annarra vegfarenda.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,  
Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri

